



Innk:	11/2 2015
Málsnr:	1502240
Bréfal:	370

Hafnarfjarðarbær - Stjórnsýsla
Elly Erlingsdóttir, oddviti bæjarstjórnar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 101 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 10. febrúar 2015
Tilv.: VEL15020095/06.53.03

Efni: Ferðapjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Ráðuneytið vísar til umfjöllunar í fjölmiðlum varðandi fyrirkomulag ferðapjónustu fatlaðs fólks.

Um þjónustu við fatlað fólk gilda lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Markmið þeirra er að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Samkvæmt 3. gr. laganna fer félags- og húsnæðismálaráðherra með yfirstjórn málefna fatlaðs fólks. Enn fremur hefur ráðherra eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal að þjónusta, starfsemi og rekstur sveitarfélaga og annarra aðila sé í samræmi við markmið þeirra, reglugerða og regna settra samkvæmt þeim og að réttindi fatlaðs fólks séu virt. Þá skal ráðherra gera tillögur til sveitarfélaga um úrbætur á þjónustu þar sem þess er þörf og stuðla að samræmingu hennar. Um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk er fjallað í 35. gr. laganna en þar kemur fram að sveitarfélög skuli gefa fötluðu fólki kost á ferðapjónustu með það að markmiði að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómtunda. Þá hefur ráðuneytið gefið út leiðbeinandi reglur um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk sem eru sveitarfélögum til leiðbeiningar við setningu eigin reglna samkvæmt heimild í 3. mgr. 35. gr.

Á vegum ráðuneytisins starfa svæðisbundnir réttindagæslumenn sem starfa á grundvelli laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 og reglugerðar nr. 973/2011. Helsta hlutverk þeirra er að veita ráðgjöf og aðstoða fatlaða einstaklinga, sem vegna fötlunar eiga erfitt með að gæta hagsmuna sinna sjálfir. Þá skulu þeir fylgjast með högum fatlaðs fólks á sínu svæði og geta komið með ábendingar til sveitarfélaga, stofnana og annarra þjónustuaðila um það sem þeir telja að betur megi fara í þjónustu við fatlað fólk. Telji réttindagæslumaður mál þess eðlis eða verði þess áskynja að þjónustu er verulega ábótavant getur hann tilkynnt um málið til ráðuneytisins.

Þannig hafa réttindagæslumenn komið á framfæri áhyggjum sínum af málum sem varða ferðapjónustu fyrir fatlað fólk eftir að breytingar voru gerðar á henni um áramótin. Má þar sem dæmi nefna að þeir hafi komið á framfæri ábendingum til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um að bílstjóri sem ekur fyrir Strætó bs. hafi verið dæmdur fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þrátt fyrir að í reglum Reykjavíkurborgar komi fram að óheimilt sé að ráða til starfa við akstursþjónustu einstaklinga sem hafa gert brotlegir við XXII., XXIII. eða XXIV. kafla laganna. Hefur ekki verið brugðist við þessum ábendingum réttindagæslumanna með öðrum hætti en að vísa á Strætó bs. Önnur atvik sem réttindagæslumenn hafa komið á framfæri við ráðuneytið þar sem öryggi fólks er talið ógnað eru m.a:

- Einstaklingur var keyrður í sjúkráþjálfun og skilinn eftir einn í anddyri sjúkráþjálfunarinnar en hann þarf aðstoð við að koma sér að móttöku og gera vart við sig.
- Einstaklingar sem þola illa að sitja í bíl lengi og með öðrum hafa verið á ferðinni í allt að

klukku tíma sem hefur skapað mikla vanlíðan og óöryggi.

- Bílarnir komnir allt of snemma, allt að 50 mínútum áður en viðkomandi á að vera mættur. Þetta hefur skapað mikla óánægju, streitu og vanlíðan því einstaklingarnir eiga þá oft eftir að borða hádegismat áður en lagt er af stað. Þeir hafa oft þurft að standa upp frá ókláruðum mat eða sleppa honum alfarið.
- Tímasetningar standist ekki auk þess sem pantanir hafa ekki skilað sér eða breyst þrátt fyrir tilkynningu í tölvupósti um annað.
- Fatlað fólk hefur þurft að bíða í anddyri í miklum kuldum, þar sem erfitt er að fylgjast með bílum.
- Einn farþegi hafi verið skilinn eftir án þess að tekið væri á móti honum. Viðkomandi er mikið flogaveikur og má alls ekki vera skilinn eftir einn. Hann var of snemma á ferð og enginn mættur til að taka á móti honum.


Þá hafa réttindagæslumenn lýst áhyggjum sínum yfir sjónarmiði sem lýst hafi verið á fundi réttindagæslumanna og hagsmunasamtaka fatlaðs fólks með Strætó bs. og fulltrúum sveitarfélaganna 21. janúar sl., þar sem fram kom að hér ætti ekki að vera um persónulega þjónustu að ræða. Telja réttindagæslumenn mikilvægt að litið sé á þjónustuna sem persónulega þar sem það skipti marga fatlaða einstaklinga miklu máli að þekkja þann einstakling sem ekur þeim og getur það valdið þeim óöryggi og vanlíðan þegar breytingar verða í þjónustu við þá.

Ráðuneytinu hefur þannig verið kunnugt um annmarka á þjónustunni og vissi af aðgerðum réttindagæslumanna og viðleitni Strætó bs. og sveitarfélaganna til að bæta úr. Var ákveðið að bíða átekt og sjá hvort ástandið yrði lagað í samræmi við yfirlýsingar Strætó bs. og sveitastjórnarmanna. Eftir atburði 4. febrúar sl. verður þó að telja orðið ljóst að þjónusta sú sem Strætó bs. veitir fötluðu fólki í umboði sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu uppfyllir ekki þær kröfur sem gera verður til ferðaþjónustu við fatlað fólk og er ekki í samræmi við markmið laganna.

Ráðuneytið fer því fram á, í ljósi framangreindra eftirlitsheimilda ráðuneytisins og ábyrgðar sveitarfélaga skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 59/1992 á framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þar með talið gæðum hennar, að sveitarfélögin upplýsi ráðuneytið um stöðu mála. Óskað er upplýsinga um kröfur sem gerðar eru til bílstjóra og til öryggis og gæða þjónustunnar. Einnig er óskað upplýsinga um hvernig staðið var að þjálfun bílstjóranna svo og hvernig eftirliti er almennt háttað, m.a. um hvernig tryggt sé að bílstjórar séu með tilskilin réttindi til fólksflutninga og hafi ekki gerst sekir um brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga og eftir atvikum öðrum ákvæðum þeirra, sbr. 43. gr. laga nr. 59/1992 og reglur Reykjavíkurborgar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Jafnframt er óskað upplýsinga um það hvort gæðaviðmið hafi verið sett um þjónustuna og ef svo er að þau verði send ráðuneytinu. Enn fremur er óskað upplýsinga um það hve margir aðilar/fyrirtæki hafi tekið að sér akstur fyrir Strætó bs. vegna ferðaþjónustu við fatlað fólk.

Að lokum beinir ráðuneytið því til sveitarstjórnanna að þær hefji án tafar umbætur á ferðaþjónustu fatlaðs fólks svo að þjónustan verði í samræmi við markmið laga um málefni fatlaðs fólks.

Fyrir hönd félags- og húsnæðismálaráðherra


Bolli Þór Bollason


Ingibjörg Broddadóttir